

mönnunum og sendist oddvita hreppsnefndarinnar í þeim hreppi fyrir fardaga 88 það ár. Skýrslur þessar skulu svo fylgja hreppsreikningunum áleiðis til sýslu- 28. júní nefndarinnar. Rísi ágreiningur á milli hreppsnefndar og kynbótanefndar, fellir sýslunefndin fullnaðarúrskurð um málið.

12. gr.

Fjárgreiðslur þær, sem nefndar eru í samþykkt þessari, greiðist úr sveitarsjóði, nema öðru vísi sje ákveðið.

13. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 1—50 kr., er renni í sveitarsjóð þess hrepps, þar sem brotið er framið. Mál er rísa útaf brotum gegn samþykkt þessari, skulu rekin sem almenn lögreglumál.

Samkvæmt lögum 11. desembr. 1891 um samþykktir um kynbætur hesta, sbr. viðaukalög við frammannefnd lög 20. desbr. 1901, er samþykkt þessi staðfest af undirrituðum amtmanni og skal hún öðlast gildi 1. janúar 1905.

Íslands Norður- og Austuramt.

Akureyri 28. júní 1904.

Páll Briem.

Reikningur

89

yfir tekjur og gjöld Ekknasjóðs drukknaðra manna í Borgarfjarðarsýslu árið 1903.

Tekjur:

1. Sjóður við ársbyrjun:		
Í Söfnunarsjóði		kr. 2881 39
2. Tekjur á árinu 1903.		
a. Vextir í Söfnunarsjóði	kr. 111 40	
b. Innkomið fyrir fonografspil frá enskum botn- verping	— 10 00	— 121 40
		<hr/> kr. 3002 79

1. Úthlutað á árinu 1903:			
Ekkju Þuríði Hannesdóttur	kr.	25 00	
Ekkju Valgerði Þorsteinsdóttur	—	25 00	
Ekkju Vilborgu Oddsdóttur	—	25 00	kr. 75 00
2. Sjóður við árslok:			
a. Í Söfnunarsjóði	—	2917 79	
b. Hjá gjaldkera	—	10 00	— 2927 79
			<u>kr. 3002 79</u>

Í stjórn »Ekknasjóðs drukknadra manna í Borgartjardarsýslu«.

Skipaskaga 17. júní 1904.

Sigurður Þórðarson. Jón Sveinsson. Jóhann Björnsson.

Oddg. Ottesen. Hallgr. Jónsson.

Embættaveiting, skipun og lausn.

a. Lausn.

28. júní veitti Hans hátign konungurinn hjeraðslækni í Keflavíkurhjeraði Þórði J. Thoroddsen samkvæmt beiðni hans lausn í náð frá embætti frá 1. ágúst 1904 að telja, án eptirlauna.

19. júlí var síra Sveini Guðmundssyni presti að Goðdölum í Skagafjarðarprófastsdæmi af stjórnarráðinu veitt lausn frá embætti eptir beiðni frá fardögum 1904 að telja án eptirlauna.

b. Skipun.

25. júlí var cand. juris Karl Einarsson settur sýslumaður í Rangárvallasýslu frá 1. ágúst 1904 að telja.

3. ágúst var stud. med. & chir. Jón Jónsson settur til þess að þjóna Keflavíkur-læknishéraði frá 1. s. m. að telja.

Óveitt embætti

er konungur veitir.

Embættið sem hjeraðslæknir í Keflavíkurhjeraði. Árslaun 1700 kr.

Auglýst laust 1. ágúst 1904. Umsóknarfrestur til 20. septbr. 1904. Sá sem embætti þetta fær, er skyldur til að setjast að í Keflavík.

Einkarjettur.

17. maí þóknaðist Hans hátign konunginum allramildilegast að veita verksmiðju-eiganda Jörgen Peter Jörgensen í Wedel á Holtsetalandi í Þýskalandi einkarjett um 5 ára tímabil til gjöra og láta gjöra á Íslandi mótkassa fyrir byggingarsteinna, er hann hefir fundið upp og nákvæmar lýst.